**Kennsluáætlun fyrir vor 2026**

**Námsgrein**: Danska

**Árgangur**: 8. – 9. bekkur

**Kennari**: Sigríður Vigdís Þórðardóttir

**Netfang**: siggavigga@klaustur.is

**Almennt:**

Nemendur 8. – 9. bekkjar fá 3 x 40 mín. kennslustundir á viku í dönsku. Þar sem um er að ræða samkennslu árganga þá eru nemendur ýmist í bókunum START eða SMART. Mismunandi kennsluaðferðum er beitt til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp.

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og að val á námsefni/námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

**Helstu markmið:**

Markmið kennslu hverju sinni er að efla og vinna með helstu færniþætti tungumálsins, sem eru eftirfarandi: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, menningarlæsi og námshæfni. Unnið er að því markvisst hverju sinni að nemandinn þjálfist í þessum færniþáttum.

**Hlekkur á aðalnámskrá:** https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-20-erlend-tungumal-2024

**Námsgögn:**

- START lesbók, vinnuhefti og hlustunaræfingar
- SMART lesbók, vinnuhefti og hlustunaræfingar
- Ýmis spil og leikir s.s. Kahoot
- Þættir með dönsku tali og texta af dr.dk
- Verkefni frá kennara

| Tímabil | Viðfangsefni | Námsefni | Tenging við hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| **Janúar** | Tøj og farve<br><br>Dagerne<br><br>Dyrenes verden | START<br>lesbók bls. 12-17<br>vinnubók bls.20-30<br>START<br>lesbók bls. 18<br>vinnubók bls. 31<br>SMART<br>lesbók bls. 3-17<br>vinnubók bls. 3-32 | **Hlustun og áhorf**<br>• Getur skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim, fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga, hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.<br>**Lestur og lesskilningur**<br>• Getur fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, skilið megininntak einfaldra rauntexta með stuðningi ef þarf, lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju, lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum, lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.<br>**Samskipti**<br>• Getur spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum, tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.<br>**Frásögn**<br>• Getur tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt, undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel, flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa, tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur. |
| **Febrúar** | Familien<br><br>De fire årstider<br><br>Nu spiser vi | START<br>lesbók bls. 19-23<br>vinnubók bls. 32-42<br>START<br>lesbók bls. 24-25<br>vinnubók bls. 43-45<br>SMART<br>lesbók bls. 18-23<br>vinnubók bls. 33-47 | |
| **Mars** | Hvad er klokken?<br><br>En dag i mit liv<br><br>I skolen | START<br>lesbók bls. 26<br>vinnubók bls. 46-48<br>START<br>lesbók bls. 27<br>vinnubók bls. 49-51<br>SMART<br>lesbók bls. 24-34<br>vinnubók bls. 48-62 | |
| **Apríl** | Mit hjem<br><br>Byen<br><br>Følelser | START<br>lesbók bls. 28-34<br>vinnubók bls. 52-66<br>SMART<br>lesbók bls. 36-39<br>vinnubók bls. 63-67<br>SMART<br>lesbók bls. 40-41<br>vinnubók bls. 68-73 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Maí** | Tyggegummikongen<br><br><br>Fødselsdag<br><br><br><br>Fritidsinteresser<br><br><br>Idoler<br><br><br>Rigtige sørøvere | START<br>lesbók bls. 35<br>vinnubók bls. 67<br>START<br>lesbók bls. 36-40<br>vinnubók bls. 68-77<br>SMART<br>lesbók bls. 42-48<br>vinnubók bls. 74-86<br>SMART<br>lesbók bls. 50-51<br>vinnubók bls. 87-91<br>SMART<br>lesbók bls. 52-54<br>vinnubók bls. 92-95 | **Ritun**<br>• Getur skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við, byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki, skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans, skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel, samið stutta texta frá eigin brjósti.<br>**Menningarlæsi**<br>• Getur sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði, sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. |

Námsmat:

- Hlustun og þátttaka í tímum
- Vinna í vinnubók
- Áhugi, frumkvæði og framfarir
- Samskipti og samvinna
- Símat yfir önnina þar sem verkefni og vinna nemenda í kennslustundum eru metin yfir árið.

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**